



Laust starf í Árskógarskóla

Við erum að leita að leikskólakennara/uppeldismenntuðum einstaklingi í 60-80% starf frá 1. maí eða sem fyrst.

Árskógarskóli er heildstæður leik- og grunnskóli í Dalvíkurbyggð sem tók til starfa 1. ágúst 2012. Í skólanum eru 35 börn frá 9 mánaða aldri til og með 7. bekk grunnskóla. Hér starfar skemmtilegt fólk í 8 stöðugildum. Skólinn vinnur með hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar, við erum Grænfanaskóli, vinnum í aldursblönduðum hópum, þvert á skólastig og nýtum allt umhverfi skólans til leiks og náms. Árskógarskóli er staðsettur við þjóðveginn, í Árskógi, 12 km frá Dalvík og 34 km frá Akureyri.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfið
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reglusemi og samviskusemi
- Áhugi á fræðslu barna og velferð þeirra
- Hefur virðingu, jákvæðni, metnað, gleði og umhyggju að leiðarljósi
- Tilbúin/n að takast á við nýjar og fjölbreyttar áherslur í skólastarfi
- Hreint sakavottorð

Allar nánari upplýsingar gefur Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson skólastjóri í síma 460-4971, 699-1303 eða gunnthore@dalvikurbyggd.is

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Senda skal umsókn og ferilskrá á netfangið gunnthore@dalvikurbyggd.is og verður móttaka umsókna staðfest.

Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2016